



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 12. maí 2015

Tilvísun: 2015040154

Tilvísun yðar: 695. mál

Alþingi-nefndarsvið
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Umsögn - 695. mál Tillaga til þingsályktunar um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland

Með vísan til erindis utanríkismálanefndar Alþingis, dags. 27. apríl, sendist yður umsögn ríkislögreglustjóra um tillögu til þingsályktunar um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, mál 695.

Ríkislögreglustjóri telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við meginefni þingsályktunartillögunnar. Ríkislögreglustjóri vill þó benda á að í 3. mgr. 8. kafla athugasemda við þingsályktunartillöguna er vísað til þess að nú þegar hafi netöryggissveit (CERT-teymi) verið sett á laggirnar innan embættis ríkislögreglustjóra, sem sé falið að standa vörð um upplýsingainnviði gegn tölvuárásum og lágmarka tjón sem getur hlotist af slíkum árásum. Hið rétta er að engin slík sveit hefur verið sett á fót innan embættis ríkislögreglustjóra. Slík sveit er hins vegar starfrækt af Póst- og fjarskiptastofnun og takmarkast starfssvið hennar við fjarskiptafélögin. Lagt var fram frumvarp um flutning netöryggissveitarinnar til embættis ríkislögreglustjóra og útvíkkun á starfssviði hennar á 143 þingi, mál 520, en það mál varð ekki útrætt.

Virðingarfyllt,

Haraldur Johannessen / Páll Heiðar Halldórsson